

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit í Djúpavogshreppi.

1. gr.

Gjald fyrir aukaskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu sem er ein klst., er kr. 6.000.-

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. skal vera kr. 6.000.- á tímaeiningu.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna sbr. 1. og 2. gr. skal greiddur af umboðsmanni hlutaðeigandi búfjár. Kostnaður á hvern ekinn kílómetra miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytis. Virðisaukaskattur reiknast á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

4. gr.

Purfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald, sem nemur útlögðum kostnaði sveitarsjóðs í hverju úrskurðarmáli.

5. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar sveitarsjóðs hvert ár.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 og tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 634 frá 20. júlí 2005.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 1. desember 2009

F.h.r.



Kristinn Hugason



Arnór Snæbjörnsson